



# Handbók foreldrafélags og foreldraráðs leikskólans Dals



**Leikskólinn Dalur**  
**Funalind 4, 201 Kópavogur**

# Efnisyfirlit

## 1 Foreldraráð

- 1.1 Markmið
- 1.2 Verkefni

## 2 Foreldrafélag

- 2.1 Markmið
- 2.2 Lög félagsins
- 2.3 Aðalfundur
  - 2.3.1 Undirbúningur
  - 2.3.2 Hlutverk foreldrafélagsins
  - 2.3.3 Hlutverk leikskólans
- 2.4 Fundir stjórnar
- 2.5 Félagsgjöld

## 3 Atburðir sem foreldrafélagið kemur að

- 3.1 Vöflukaffi fyrir jólin
- 3.2 Jólaball
- 3.3 Möndlugjafir
- 3.4 Leikrit
- 3.5 Afmæli Dals
- 3.6 Vorferð
- 3.7 Fundargerðir og fréttir á heimasíðu

# 1 Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla skal kjósa foreldraráð við leikskóla og í því skulu að lágmarki sitja þrír foreldrar ásamt leikskólastjóra. Kosning fer fram á aðalfundi foreldrafélagsins að hausti á ári hverju (sjá 2.3 aðalfundur). Kosið er til eins árs í senn. Foreldraráð situr alla fundi í stjórn foreldrafélagsins og hittist að auki eftir þörfum.

## 1.1 Markmið

- Að styðja við starf leikskólans

## 1.2 Verkefni

- Að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um starfsáætlun, skólanámskrá, þróunarverkefni og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.
- Að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir foreldra.
- Að gefa umsagnir um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi

# 2 Foreldrafélag

Félagið styður við starfið í leikskólanum og því er það hagar hvers leikskóla að hafa öflugt og virkt foreldrafélag. Foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í starfi foreldrafélagsins.

## 2.1 Markmið

- Efla tengsl foreldra og leikskóla.
- Styðja við starfsemi leikskólans.
- Hafa frumkvæði að ýmsum uppákomum.
- Taka þátt í starfsemi leikskólans með ýmsum hætti.

## 2.2 Lög félagsins

1. Félagið heitir Foreldrafélag leikskólans Dals og er opið foreldrum og forráðamönnum barna í leikskólanum Dal. Félagið er einnig opið starfsfólki leikskólans Dals.
2. Markmið félagsins er að tryggja sem best velferð barna í leikskólanum.
3. Stjórn félagsins er kosin ár hvert og skal hún skipuð í það minnsta 6 foreldrum og leikskólastjóra. Kjörtímabil stjórnar er eitt ár en árlega skulu á aðalfundi kosnir nýir stjórnarmenn.
4. Upphæð gjalds í foreldrasjóð er ákveðin á aðalfundi stjórnar foreldrafélagsins og annast foreldrafélagið innheimtu þess.
5. Reikningar félagsins og tekjuafgangur er gerður upp fyrir aðalfund ár hvert.

## 2.3 Aðalfundur

Aðalfundur foreldrafélagsins skal haldinn að hausti ár hvert. Á aðalfundi fer fram kosning í stjórn foreldrafélagsins og foreldraráð. Kosið er um formann, gjaldkera og ritara foreldrafélagsins auk meðstjórnenda. Í foreldraráð er kosið um formann og ritara auk meðstjórnenda. Í framhaldi af aðalfundi er ný stjórn boðuð til fundar.

## 2.3.1 Undirbúningur

- Boða þarf fundinn með átta daga fyrirvara.
- Auglýsa þarf eftir lagabreytingartillögum.
- Skila þarf inn tillögum að lagabreytingum að minnsta kosti viku fyrir boðaðan fund.
- Undirbúa þarf tillögu um árgjald, sem síðan er borin undir aðalfund.
- Fráfarandi ritari tekur saman skýrslu stjórnar.
- Fráfarandi gjaldkeri tekur saman skýrslu yfir tekjur og gjöld.
- Bóka þarf Dal og sjá til þess að starfsmaður sé til staðar til að opna og loka að fundi loknum.
- Ganga þarf frá gögnum í hendur nýrrar stjórnar.

## 2.3.2 Hlutverk foreldrafélagsins

- Foreldrafélagið hefur umsjón með fundinum að öllu leyti.

## 2.3.3 Hlutverk leikskólans

- Leikskólinn útvegar starfsmann til að opna leikskólann.

## 2.4 Fundir stjórnar

Fundir eru haldnir a.m.k. tvisvar á starfsári og oftari ef þörf þykir. Farið er yfir þau atriði sem eru á dagskrá á næstunni og fundarmenn skipta með sér verkum eftir því sem við á. Farið er yfir dagskrá vetrarins á fyrsta fundi.

## 2.5 Félagsgjöld

Félagsgjöld eru innheimt einu sinni á starfsári. Félagsgjöld skal nýta á því starfsári sem þau eru innheimt til góða fyrir börnin sem eru í leikskólanum það starfsár. Miðað er við að gjald fyrir tvö börn skuli vera eitt og hálf gjald þess sem greitt er fyrir eitt barn og þriðja systkin frítt.

# 3 Atburðir sem foreldrafélagið kemur að

## 3.1 Vöflukaffi fyrir jólin

Foreldrafélagið og leikskólinn bjóða börnum, foreldrum og starfsfólki í vöflukaffi í lok nóvember.

Markmið:

- Foreldrar og börn eiga rólega og góða stund í leikskóla barnsins
- Börnin sýna foreldrum sínum verkefni sem þau hafa gert.
- Sambandið milli heimilis og skóla styrkt.

Undirbúningur:

- Sjá um innkaup á súkkulaði, rjóma, piparkökum og servéttum í samráði við leikskóla.
- Skipta með sér verkum, annars vegar bakstur á vöflum og hinsvegar frágangur.

Hlutverk leikskólans:

- Að auglýsa viðburðinn.

Hlutverk foreldra:

- Að skipta sér niður á vaktir. Þeir foreldrar sem eiga börn á eldri koma þegar yngri börnin eru með vöflukaffi og öfugt.

## 3.2 Jólaball

Foreldrafélagið kaupir mandarínur og leikskóli sér um að útvega jólasvein/a fyrir jólaballið.

## 3.3 Möndlugjafir

Foreldrafélagið greiðir fyrir möndlugjafir allra deilda leikskólans. Leikskólastjóri í samráði við deildarstjóra sér um kaup á gjöfunum.

## 3.4 Leikrit

Foreldrafélagið býður börnunum upp á eitt til tvö leikrit yfir skólaárið.

Markmið:

- Að gera börnunum dagamun í leikskólastarfinu

Undirbúningur:

- Kanna þarf hvaða sýningar standa til boða og hvað þær kosta.

Hlutverk leikskóla:

- Að panta sýninguna og sjá um sýninguna að öðru leyti.

## 3.5 Afmæli Dals

Leikskólinn Dalur hóf störf 11.maí 1998. Haldið er upp á afmæli leikskólans ár hvert með ýmsum hætti. Kópavogsbær á einnig afmæli 11.maí og þegar bærinn eða leikskólinn eiga stórafmæli er afmælið stærra í sniðum.

Undirbúningur:

- Ákveða dagsetningu afmælishátíðar.
- Panta skemmtikrafta (sé sú leið valin).
- Kaupa það sem til þarf s.s. drykkjarföng, veitingar og/eða annað sem er valið.
- Auglýsa viðburðinn.

Hlutverk foreldrafélagsins:

- Sjá um veitingar.
- Panta skemmtikraft(a) eða annað sem verður í boði í samráði við leikskólann.

Hlutverk leikskólans:

- Ákveða dagsetningu afmælishátíðar.
- Auglýsa viðburðinn.
- Skreyta lóðina.
- Kaupa það sem þarf.
- Setja myndir og umfjöllun á heimasíðuna.

## 3.6 Vorferð

Leikskólinn sér um undirbúning sveitarferðar annað hvert ár en þá fer leikskólinn í ferð á virkum degi og foreldrum er boðin þátttaka í ferðinni. Hitt árið er vorferðin á vegum foreldrafélagsins og þá er farið um helgi eða á öðrum heppilegum degi sem valinn er með góðum fyrirvara.

Tími:

- Apríl - maí

Undirbúningur:

- Ákveða með góðum fyrirvara hvert ferðinni skuli heitið.

Hlutverk foreldrafélagsins:

- Annað hvert ár: Panta heimsókn á sveitabæ eða stað þangað sem vorferðinni er heitið.
- Annað hvert ár: Panta tímanlega rútur.
- Annað hvert ár: Innheimta gjald vegna aukafarþega.
- Hvert ár: Borga rúturnar.

Hlutverk leikskólans:

- Annað hvert ár: Panta sveitabæ til að heimsækja.
- Annað hvert ár: Sjá fyrir nesti, sjúkrakassa og öðru því sem með þarf.
- Annað hvert ár: Setja inn myndir og umfjöllun á heimasíðu skólans.
- Annað hvert ár: Panta tímanlega rútur.
- Annað hvert ár: Innheimta gjald vegna aukafarþega.
- Hvert ár: Auglýsa ferðina.

Annað:

ATH! Gæta þarf þess að rútur sem eru pantaðar séu búnar öryggisbeltum.

## 3.7 Fundargerði og fréttir á heimasíðu leikskólans

Vefstjóri skólans ásamt ritara úr stjórn foreldrafélagsins sér um að setja inn fundargerðir og fréttir á heimasíðu leikskólans.